

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 29. mars 1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ

um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis, sem notað er í ökutæki, fyrir iðnað, húshitun, skip, vélar og tæki, á heilsu fólks og umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldsneyti til notkunar í ökutæki, vinnuvélar, skip og önnur tæki sem búnin eru rafkveikju- eða þrýstikveikjuhreyflum, auk eldsneytis til nota í iðnaði og til hitunar.

Reglugerð þessi gildir einnig um metanól sem eldsneyti fyrir flugför og flugmódel.

Reglugerð þessi gildir ekki um eldsneyti sem ætlað er til nota í siglingum milli landa, á flugvélar og í hernaði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

Gasolía: Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu og sem tilheyrir millieimingarsviði þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86. Gasolía skiptist í:

- Bílagasolía (díselolíu): Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir sjálfknúin ökutæki sem um getur í tilskipunum 70/220/EBE og 88/77/EBE, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Gasolía sem er ætluð til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.
- Skipagasolía: Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir skip og báta.
- Aðra gasolía: Gasolía, sem ætluð er til annarra nota en í a. og b., s.s. til hitunar eða í iðnaði.

Svartolía: Eldsneyti sem er ætlað til nota í skipum og föstum brennslustöðvum á landi. Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu, annað en gasolía, og sem flokkast sem þungar olíur á grundvelli eimingarsviðis og þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingarhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.

4. gr.

Kröfur til eldsneytis.

Einungis er heimilt að flytja inn og selja eldsneyti sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka.

Frá 1. janúar 2005 er einungis heimilt að flytja inn og selja bensín og bílagasolíu sem uppfyllir einnig strangari kröfur sem settar eru fram í I.-II. viðauka, aftasta dálki.

Frá 1. janúar 2008 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1% á svæðum þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerðir sem um þau gilda.

Frá 1. janúar 2013 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1%, sbr. IV. viðauka, aftasta dálk.

Frá 1. janúar 2003 má ekki nota svartolíu með meiri brennisteini en 1%, sbr ákvæði í III. viðauka, aftasta dálk, á svæðum, þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð sbr. reglugerðir sem um þau gilda, nema annað sé sérstaklega tilgreint í starfsleyfi viðkomandi brennslustöðvar með viðeigandi mótvægisáðgerðum.

Um skipagasolíu gilda ákvæði í III. viðauka.

5. gr.

Eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

6. gr.

Skýrslugjöf.

Innflytjendur eldsneytis skulu senda Hollustuvernd ríkisins mælingar viðurkenndra rannsóknastofa á þeim prófunarþáttum sem tilgreindir eru í I.-IV. viðauka. Allir eldsneytisfarmar sem fluttir eru til landsins skulu prófaðir samkvæmt þeim prófunar- aðferðum sem tilgreindar eru í I.-IV. viðauka. Skila skal skýrslum fyrir 1. mars ár hvert fyrir síðastliðið ár, í fyrsta skipti árið 2002.

7. gr.

Íblöndunarefni.

Óheimilt er að selja eða setja íblöndunarefni í eldsneyti, sem raskað getur efna- samsetningu eldsneytisins þannig að það uppfylli ekki ákvæði I.-IV. viðauka. Önnur íblöndunarefni má ekki selja eða setja í eldsneytið nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins.

8. gr.

Metanól.

Olúinnflytjendum er heimilt að selja vatnsblöndur metanóls til eldsneytis á flugför án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði að metanól- blöndurnar séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint á sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók sem Hollustuvernd ríkisins leggur til.

Verslunum er fengið hafa til þess leyfi ráðherra er heimilt, að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins, að flytja inn eða selja til eldsneytis á módelmótora blöndur rísínusolíu (laxerolíu), tilbúinnar olíu og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi. Magn rísínusolíu skal vera minnst 2% í blöndum þessum.

Sölu- og innflutningsleyfi þessi skulu bundin nánari skilyrðum um ílát, merkingar, færslur í sölubækur, varðveislu o.fl. í samræmi við leyfi viðkomandi verslana sbr. 1. mgr.

Módeleldsneyti sem inniheldur yfir 10% metanól má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri.

9. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Að öðru leyti gilda um valdsvið og þvingunarúrræði ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Viðurlög.

Mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

11. gr.

Lagastöð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum tl. 6 og 6.a í XVII. kafla, II. viðauka og XX. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 93/12/EBE um gæði bensín- og dísileldsneytis, ásamt breytingum í tilskipunum 98/70/EB og tilskipun 99/32/EB, ásamt tilskipun 2000/71 um aðlögun mæliaðferða að tækniþróun.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð um brennisteinsmagn í gasolíu, nr. 22/1995. Frá sama tíma falla úr gildi 8., 14. og 15. gr. reglugerðar um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, nr. 137/1987, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2002.

Umhverfisstjórnuneytinu, 18. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í tæki sem búin eru rafkveikjuhreyflum.

Gerð: Bensín

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi nú (1)		Prófun		Markgildi 2005 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Prófunaroktantala		95	–	EN 25164	1993	95	
Hreyfilsoktantala		85	–	EN 25163	1993	85	
Gufubrýstingur sumar (2)	kPa	–	70,0	Pr.EN-13016-1 (DVPE)	1997	–	
Eiming:							
– uppgufun v. 100 °C	% v/v	46,0	–	EN-ISO 3405	1988	–	–
– uppgufun v. 150 °C	% v/v	75,0	–	EN-ISO 3405	1988	–	–
Vetniskolefnisgreining:							
– alkenar (ólefín) (3)(4)(5)	% v/v	–	18,0 (6)	ASTM D1319	1995	–	
– arómátísk efni (3)(4)(5)	% v/v	–	42,0	ASTM D1319	1995	–	35,0
– bensen (7)	% v/v	–	1,0	EN 12177 EN 238	1068 1996	–	
Súrefnisinnihald	% m/m	–	2,7	EN 1601 Pr. EN 13132	1997 1998	–	
Oxud efni: (8)				EN 1601 Pr. EN 13132	1997 1998		
– metanól, bæta þarf við bindiefnum	% v/v	–	3			–	
– etanól, bindiefni kunna að vera nauðsynleg	% v/v	–	5			–	
– ísóprópanól	% v/v	–	10			–	
– tert-bútýlalkóhól	% v/v	–	7			–	
– ísobútýlalkóhól	% v/v	–	10			–	
– eterar með 5 eða fleiri kolefnisatóm í sameind	% v/v	–	15			–	
Önnur oxud efni (9)	% v/v	–	10			–	
Brennisteinsinnihald (10)	mg/kg	–	150	EN-ISO 14596 EN-ISO 8754 EN-ISO 24260	1998 1995 1994	–	50
Blý	g/l	–	0,005	EN 237	1996	–	

- Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products – Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).
- Sumartímabilið hefst 1. júní og lýkur 31. ágúst.
- Magn súrefnissambanda skal ákvarðað til að unnt sé að koma við leiðréttingum samkvæmt ákvæði 13.2 í ASTM D 1319:1995.
- Þegar etýl-tertbútýletri er í sýninu skal ákvarða arómátíska svæðið út frá bleikbrúna hringnum sem er neðan við rauða hringinn sem venjulega er stuðst við þegar etýl-tertbútýletri er ekki í sýninu. Unnt er að ákvarða hvort etýl-tertbútýletri er í sýninu með greiningunni sem lýst er í 3. neðanmálsgrein.
- Í þessu skyni er notaður staðallinn ASTM D 1319:1995 án valfrjálsa þrepsins þar sem pentansvipting fer fram. Af þeim sökum gilda ekki ákvæði 6.1, 10.1 og 14.1.1.
- Að undanskildu venjulegu blýlausu bensíni (hreyfilsoktantala að lágmarki 81 og prófunaroktantala að lágmarki 91) þar sem ólefnimagnið er að hámarki 21% miðað við rúmmál. Þessi mörk skulu ekki koma í veg fyrir að annars konar blýlaust bensín með lægri oktantölu en sett er fram í þessum víðauka sé innleitt á markað í aðildarríki.
- Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.
- Komi ágreiningur upp skal nota EN 1601:1997.
- Önnur eingild alkóhól með lokaeimingarmark ekki herra en lokaeimingarmarkið sem mælt er fyrir um í innlendum forskriftum eða, þar sem þær eru ekki til, í iðnaðarforskriftum fyrir vélaldsneyti.
- Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.

II. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í ökutæki sem búin eru þrýstikveikjuhreyflum.

Gerð: Bilagasolía (dísileldsneyti)

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi nú (1)		Prófun		Markgildi 2005 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Setantala		51,0	–	EN-ISO 5165	1998		–
Eðlismassi við 15 °C (2)	kg/m	–	845	EN-ISO 3675	1998	–	
				EN-ISO 12185	1996		
Eiming:							
95% mark	°C	–	360	EN-ISO 3405	1988	–	
Fjölhringja arómatísk vetniskolefni (3)	% m/m	–	11	IP 391	1995	–	
Brennisteinsinnihald (4)	mg/kg	–	350	EN-ISO 14596	1998	–	50
				EN-ISO 8754	1995		
				EN-ISO 24260	1994		

(1) Sjá I. viðauka.

(2) Þegar upp koma deilur skal nota EN ISO 3675:1998.

(3) Fjölhringja arómatísk vetniskolefni eru skilgreind sem heildar arómatísk vetniskolefni án einhringja arómatískra vetniskolefna.

(4) Þegar upp koma deilur skal nota EN ISO 14596:1998.

III. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

Gerð: Svartolía og skipagasolía

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi (1)		Prófun		Markgildi vegna loftgæða 2003 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Brennisteinn í svartolíu	m/m%	–	2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998 1992	–	1%(2)
Brennisteinn í skipagasolíu	m/m%	–	0,2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998 1992	–	0,2%

(1) Sjá I. viðauka.

(2) Sbr. 5. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

IV. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.**Gerð: Önnur gasolía**

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi (1)		Prófun		Markgildi vegna loftgæða 2008 og 2013 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Brennisteinn	m/m%	–	0,2%	EN-ISO 14596 EN 24260 ISO 8754	1998 1987 1992	–	0,1%(2)

(1) Sjá I. viðauka.

(2) Sbr. 3. og 4. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

16. október 2001

Nr. 785

REGLUGERÐ**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.**

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar um þóknun orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,2% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,2% af söluverði innlendra vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um. Gjaldið skal innheimt tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskram eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.